



2026-
2028

grisjunarstefna 2026-2028.docx



Jóna Símonía Bjarnadóttir
Byggðasafn Vestfjarða
2026

Grisjunarstefna

Inngangur/forsendur grisjunar

Í 17. grein safnalaga segir um förgum safngripa: „Óheimilt er að farga safngripum nema ríkar ástæður séu til. Heimilt er að grisja safnkost á grundvelli grisjunaráætlunar sem höfuðsafn samþykkir. Það höfuðsafn sem í hlut á tekur ákvörðun um förgun safngripa að fenginni umsögn safnaráðs.“

Grisjunaráætluninni er ætlað að rekja hvaða forsendur liggja að baki því að grisja þurfi grip, hvernig ákvörðun um grisjun er tekin og hvað verði um gripi sem ákveðið hefur verið að grisja úr safnkosti. Hún er mikilvægt hjálpartæki fyrir starfsfólk safnsins til að meta hvort grundvöllur sé til þess að fjarlægja gripi úr safnkosti safnsins og stuðlar þannig að bættu öryggi annarra gripa og áframhaldandi sjálfbærri söfnun og varðveislu.

Forsendur grisjunar

Pláss er ein mikilvægasta auðlind sem söfn búa yfir. Ljóst er að varðveisluhúsnæði safna taka ekki endalaust við og mikill kostnaður fylgir því að stækka húsnæði eða flytja gripi annað. Því er afar mikilvægt að vanda til verka þegar ákveðið er að taka grip inn á safn til varðveislu og segja má að þá strax hefjist árangursríkasta grisjunarstefnan. Með því að taka ígrundaða ákvörðun þegar gripur er boðinn á safnið og fylgja söfnunarstefnu safnsins minnka líkur á að grisja þurfi gripinn síðar meir.

Þrátt fyrir þetta geta verið ýmsar ástæður fyrir því að gripur sem einu sinni var tekinn inn á safn eigi ekki lengur heima þar. Stundum hefur ekki verið vandað til verka þegar ákveðið var að taka við grip, skráningu gripa hefur verið ábótavant sem hefur leitt til þess að yfirsýn yfir safnkostinn hefur ekki verið nægilega góð, mögulega eru til mörg nákvæmlega eins eintök, gripir geta verið hættulegir fólki og umhverfi sínu o.s.frv. Þegar slík staða kemur upp þarf að skoða hvort grisjun komi til greina. Mikilvægt er að vanda til verka þegar ákvörðun um grisjun er tekin, meta hvert tilfelli fyrir sig og síðast en ekki síst varðveita upplýsingar um afdrif gripanna.

Grisjun felur í sér að:

- fækka samskonar og/eða mjög sambærilegum gripum sem eru til í miklu magni,
- losa safnið við gripi sem eru hættulegir eða geta haft skaðleg áhrif á starfsfólk, umhverfi og/eða aðra safngripi,
- fækka gripum sem hafa ekki varðveislugildi fyrir safnið, t.d. vegna þess að þeir samræmast ekki söfnunarstefnu eða eru í slæmu ástandi.

Ákvörðun um grisjun

Sérfræðingar Byggðasafns Vestfjarða geta lagt fram rökstuddar tillögur um grisjun safnkosts. Að minnsta kosti tveir starfsmenn skulu koma að gerð hvernar tillögu og hvert tilvik skal metið fyrir sig. Hver tillaga skal fá faglega og ígrundaða skoðun þar sem m.a. er stuðst við sérstakt matsblað (sjá viðauka). Hafa skal í huga varðveislur-, rannsóknar- og sýningargildi gripanna sem um ræðir, sögu þeirra og samhengi svo og tengsl þeirra og hlutverk innan viðkomandi efnisflokks. Leita skal ráðgjafar sérfræðinga utan safnsins ef starfsmenn hafa ekki sérþekkingu á því sviði sem um ræðir. Tillagan skal svo lögð fyrir safnstjórn og höfuðsafn til staðfestingar.

Stundum er að finna í geymslum safna gripi sem ekki hafa verið formlega teknir inn í safneignina og skráðir, og þar af leiðandi er ekki formlega um safnkost að ræða. Þó þessir gripir lúti ekki sömu lögmálum og þegar grisjaðir eru gripir úr skráðum safnkosti er brýnt að beita svipuðum aðferðum í grisjunarferlinu. Mikilvægt er að spyrja af hverju viðkomandi gripir eru í safninu, á hvaða forsendum var tekið við þeim á sínum tíma og hvers vegna þeir voru ekki skráðir í safneignina. Í öllum tilfellum skal leita ráðgjafar um mat á gripunum og varðveislugildi hans.

Ráðstöfun gripa

Þegar tillaga um grisjun hefur verið samþykkt bæði af stjórn og höfuðsafni er hægt að fjarlægja gripinn úr safnkostinum. Ef gripur er hættulegur fólki eða umhverfi sínu skal honum eytt á öruggan hátt í samræmi við gildandi reglur þar um. Sé gripurinn hættulaus skal bjóða eftirtöldum aðilum í þessari röð:

- a) öðrum opinberum söfnum
- b) einkasöfnum
- c) gefendum (ef hægt er)
- d) félagasamtökum (ef við á)

Ef enginn þiggur gripinn skal annað hvort, eftir eðli og ástandi grips, auglýsa hann til kaups enda notist ágóði safnkostinum og starfsemi safnsins til góða. Þá verður skoðað hvort hægt sé að endurnýta gripinn eða stuðla að uppvinnslu hans. Sé ekki svo, verður honum fargað. Ef grip er fargað skal leitast við að flokka hann eins og hægt er til endurvinnslu. Halda skal til haga öllum upplýsingum um gripinn sem fyrir liggja, matsblaði og ljósmyndum af honum. Séu ekki til nægilega góðar ljósmyndir af gripnum skal hann ljósmyndaður áður hann fjarlægður úr safnkosti.

Eftir að gripir hafa verið færðir úr safneign skal gengið úr skugga um að skráning sé uppfærð. Þá skal matsblað, niðurstaða matsferils og umsögn Þjóðminjasafns Íslands fylgja skráningu í skjalasafni safnsins. Skráning í Sarpi skal yfirfarin, færslurnar teknar úr birtingu á ytri vef (ef vill) og greint frá afdrifum gripa í athugasemdum. Skrá skal athugasemd um grisjun í aðfangabók.

Ráðstöfun tekna

Ef ráðstöfun grips hefur í för með sér tekjur fyrir safnið skal nota þær til að efla og bæta varðveisluskilyrði og efla forvörslu á safninu.

Yfirferð Muna



Dags.: _____

Starfsm.: _____

Munur	safnnúmer	ástand
		Ágætt <input type="checkbox"/>
		Gott <input type="checkbox"/>
		Þokkalegt <input type="checkbox"/>
Staðs:		Lélegt <input type="checkbox"/>
		Ónýtt <input type="checkbox"/>

Munur	safnnúmer	ástand
		Ágætt <input type="checkbox"/>
		Gott <input type="checkbox"/>
		Þokkalegt <input type="checkbox"/>
Staðs:		Lélegt <input type="checkbox"/>
		Ónýtt <input type="checkbox"/>

Munur	safnnúmer	ástand
		Ágætt <input type="checkbox"/>
		Gott <input type="checkbox"/>
		Þokkalegt <input type="checkbox"/>
Staðs:		Lélegt <input type="checkbox"/>
		Ónýtt <input type="checkbox"/>

Munur	safnnúmer	ástand
		Ágætt <input type="checkbox"/>
		Gott <input type="checkbox"/>
Staðs:		Þokkalegt <input type="checkbox"/>
		Lélegt <input type="checkbox"/>
		Ónýtt <input type="checkbox"/>

Upplýsingar vegna grisjunar grips númer:

Upplýsingar vegna grisjunar grips númer:

Upplýsingar vegna grisjunar grips númer: